

Nd.

635. Breytingartillögur

[260. mál]

við frv. til laga um fiskvinnsluskóla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „í vinnu sjávarafla“ komi: í vinnslu sjávarafla.
2. Við 3. gr. Síðari mgr. greinarinnar orðist þannig:
Fela skal skólanum að halda námskeið í meðferð sjávarafla fyrir nemendur stýrimannaskólanna.
3. Við 6. gr. Greinin orðist þannig:
Skólinn skal staðsettur í Reykjavík. Auk þess skal stofnaður fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, sem útskrifi fiskiðnaðarmenn og fiskvinnslumeistara samkv. 1. og 2. tölulið 2. gr., og skal námi við skólann skipt í 3 deildir, sbr. 1.—3. tölulið 10. gr.
Á árunum 1972—75 skal enn fremur undirbúa stofnun fiskvinnsluskóla 1. og 2. stigs á Suðurnesjum og í stærstu fiskiðnaðarstöðum í öðrum landshlutum.
Heimilt skal, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að setja á stofn framhaldsdeildir við skólana utan Reykjavíkur, sbr. 4. gr., þegar skilyrði eru fyrir hendi.
Ráðuneytið skipar hverjum skóla þriggja manna skólanefnd til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra tilnefndur af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, annar af samtökum fiskiðnaðarins á hverjum stað, en þann þriðja skipar ráðuneytið án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.
Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.
Lög þessi gilda um fiskvinnsluskóla utan Reykjavíkur, að því er varðar greiðslu kostnaðar og annað, sem við getur átt að dómi ráðuneytisins og afmarkað skal í reglugerð.
4. Við 12. gr. 2. tl. orðist svo:
Til að hefja nám í fiskiðndeild skal nemandi hafa lokið námi í undirbúningsdeild, fiskimannadeild stýrimannaskóla eða staðizt próf í samræmi við ákvæði 15. gr. og jafnframt fengið a. m. k. þriggja mánaða verklega þjálfun, eftir að hann varð 15 ára gamall.
5. Við 14. gr. Á eftir orðinu „söltun“ komi orðið: flatning.